



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 10. júní 2024
24042279/005.05 JBG

Efni: Svarbréf við beiðni Árna Péturs að fulltrúum frá Sögufélagi, Héraðsskjalasafni og Þjóðminjasafni verði boðið á fund lista- og menningarráðs.

Fyrirspurn

Ég óska eftir því að fulltrúum Sögufélags Kópavogs, Héraðsskjalasafns Kópavogs og Þjóðminjasafns verði boðið á næsta fund ráðsins til þess að ræða varðveislu og flutning minja úr munasafninu og Héraðsskjalasafni. Það þarf að standa vel að því og betra að taka samtalið áður en verkið hefst en eftir á.

Óska einnig eftir minnisblaði frá viðeigandi aðilum um hvernig eigi að standa að flutningunum og flokkun minjanna. Óska eftir að það verði lagt fram sem fylgigagn með dagskrárliðnum.

Svar

Það upplýst hér að héraðskjalavörður hefur nú þegar sett sig í samband við Þjóðminjasafnið og fengið þær upplýsingar að það safn taki við þeim munum grafnir hafa verið úr jörðu og það sem sannanlega eru fornminjar eða forngríp.

Þá bærust eftirfarandi upplýsingar frá Minjastofnun:

„Staðan er sú að ef Þjóðminjasafnið vill ekki taka við þeim, og ef ekki eru önnur söfn, í eigu sveitarfélaga eða einkaaðila, sem vilja þá heldur, þá þarf kannski að skoða hvort þetta séu hlutir sem þarf að geyma eða megi bara farga. Ef þetta eru munir sem falla undir 2. mgr. 3. gr. laganna þá þyrfti það að vera gert í samráði við Þjóðminjasafnið.

Þannig að lagalega hliðin veltur öll á því hvort þetta séu forngríp eða ekki, en framtíð þeirra er þá í höndum ykkar og eftir atvikum safnsins, hvort þeir verða settir í geymslu, á viðeigandi safn eða þeim fargað.“

Í 2. mgr. 3. gr. laganna sem þarna er vísað til segir að:

„Forngríp eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.“



Áður en unnt er að taka afstöðu til þess með hvaða hætti flytja skuli munina og flokka, þarf að greina um hvaða hluti sé að ræða, hvort þeir flokkist sem forngripir og hvert sé minjagildi þeirra fyrir Kópavogsbæ. Til þess að meta slíkt þarf að afla álits þar til bærri sérfræðinga en ekki er fyrir séð hvenær það verður gert þar sem flutningur skjalasafns Héraðsskjalasafns Kópavogs er í forgangi.

Virðingarfyllst,

Pálmi Þór Másson
Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

